

Ákvæði til bráðabirgða.**I**

Ákvæði 114. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu eftir því sem við getur átt, eiga við um innheimtu söluskatts við tollafgreiðslu á vörum sem teknar hafa verið til tollmeðferðar við gildistöku laga þessara.

II

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu sem undanþegin hefur verið söluskatti fram að þeim tíma, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar söluskatti, að frádregnum sérstökum söluskatti hafi hann verið innheimtur af hinu selda, nema sannað sé að söluskatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

III

Hafi verið gerður samningur fyrir gildistöku laga þessara um afhendingu vinnu eða þjónustu sem skattskyld er til sérstaks söluskatts, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar mismun á sérstökum söluskatti skv. 7. gr. laga þessara og sérstökum söluskatti skv. II. kafla bráðabirgðalaga, nr. 68/1987, nema sannað sé að mismunurinn hafi verið talinn með í kaupverðinu eða þóknuninni við ákvörðun hennar.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Breytingar á einstökum greinum.****1. gr.**

4. tölul. 31. gr. laganna falli niður.

2. gr.

1. tölul. 38. gr. laganna orðist svo:

Skip og skipsbúnaður, svo og fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, aðrar en leigubifreiðar 10%.

3. gr.

Við 52. gr. bætist:

4. Þær greiðslur vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en níu menn, öðrum en leigubifreiðum, sem eru umfram fyrningar reiknaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga að viðbættum reiknuðum vöxtum af fyrningargrunni þegar frá hafa verið dregnar reiknaðar fyrningar fyrri ára. Ríkisskattstjóri setur reglur um reikning fyrninga og vaxta í þessum tilvikum.

4. gr.

2. málsl. 1. mgr. 54. gr. orðist svo:

Hámark fjárfestingartillags skal vera 30% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–10. tölul. 31. gr.

5. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 45% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

6. gr.

Á 74. gr. verði þessar breytingar:

1. Lokamálsliður 4. tölul. falli niður.

2. 3. málsl. 1. mgr. 5. tölul. orðist svo:

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs.

3. 1. málsl. 2. mgr. 5. tölul. orðist svo:

Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði.

7. gr.

2. málsl. 1. mgr. 76. gr. orðist svo:

Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs.

II. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

8. gr.

Við álagningu tekjuskatts á árinu 1988, vegna tekna ársins 1987, er heimilt að færa niður um allt að 5% matsverð vörubirgða í árslok 1987 og færa þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum. Við álagningu eignarskatts á árinu 1988, vegna eigna í árslok 1987, er heimilt að draga allt að 5% frá reiknuðu matsverði samkvæmt nú breyttum 4. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981.

III. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna ársins 1987 og eigna í lok þess árs.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.